

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

182.fundur

Þriðjudagur 25.mars 2019 kl. 12:00 – 13:00 Veitingarstaðurinn Hraun, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá

Listastyrkir

Menningarnefnd vill leggja til nýtt verkefni á vegum nefndarinnar sem snýr að styrkveitingum til ungra listamanna ættaða frá Snæfellsbæ til að koma og deila sköpun sinni í heimabyggð. Hugmyndin er að veita ungu listafólk og hönnuðum á aldrinum 20 - 35 ára sem hafa lokið námi eða eru við nám í viðurkenndu lista- eða hönnunarnámi styrk til að skapa viðburð eða deila sköpun sinni í Snæfellsbæ á árinu 2019. Veittir væru tveir styrkir að hámarki 300 þúsund krónur hver.

Snæfellsbæingur ársins 2019

Menningarnefnd ákveður að breyta fyrirkomulagi á kosningu Snæfellsbæings ársins. Á næstu vikum mun nefndin óska eftir ábendingum um þá aðila sem gætu hlotið nafnbótina Snæfellsbæingur ársins. Kosning verður útfærð á rafrænan máta og mun atkvæði íbúa skiptast til helminga á móti vali nefndar.

Önnur mál

Nefndin ætlar að kanna hvort grínhópurinn Mið-Ísland sjái sér fært um að kíkja til okkar á næstunni.

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl. 13.